

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðarinnar Rauðhólahverfis í landi Snæfoksstaða.*

Í breytingunni felst að gerðar eru breytingar á lóðastærðum og lóðir 98 og 99 eru sameinaðar, jafnframt breytist aðkoman að lóðum 102 til 104.

Samþykkt í sveitarstjórn 3. júlí 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 27. janúar 2009.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

**Pétur Ingi Haraldsson.**